

Nemaleyfisreglur fyrir gull- og silfursmíði

Samkvæmt lögum nr.92/2008 um framhaldsskóla skipar mennta- og menningarmálaráðherra starsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokkka eða starfsgreinar. Starfsgreinaráð geta komið á fót nemaleyfisnefnd til þess að fara yfir umsóknir einstakra fyrirtækja eða meistara um heimild til að taka nemendur á námssamning og afgreiða þær. Mennta- og menningarmálaráðherra setur nemaleyfisnefndum erindisbréf.

Starfsgreinaráð heldur skrá yfir fyrirtæki og stofnanir sem uppfylla skilyrði sett samkvæmt reglugerð þessari og í almennum ákvæðum aðalnámskrár um vinnustaðanám.

Fyrirtæki sem óskar eftir að gera námssamning við nema í gull- og silfursmíði sendir umsókn um nemaleyfi til IÐUNNAR fræðsluseturs, Vatnagöðum 20, 104 Reykjavík á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Nemaleyfisnefnd í gull- og silfursmíði metur umsóknir um nemaleyfi.

Tilgangur vinnustaðanáms er að auka færni nemenda til þess að takast á við raunveruleg verkefni í fyrirtækjum, þjálfar verkfærni og fagleg vinnubrögð en öðrum þræði er námstíminn ætlaður til þess að þjálfar nemandann til þátttöku í vinnustaðamenningu fyrirtækja á Íslandi.

Vakin er athygli á ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978 þar sem segir að aðeins meistara, sveinar og nemi í iðninni hafi rétt til að starfa í löggilttri iðngrein, gull- og silfursmíði. Nemi má ekki starfa sjálfstætt að eigin verkefnum og selja á markaði á meðan á námi stendur.

Nemaleyfi gildir í fimm ár í senn á grundvelli umsagna nemaleyfisnefndar svo fremi sem engar breytingar verði á starfsemi fyrirtækisins.

Skilyrði veitingar nemaleyfis í gull- og silfursmíði:

1. Meistari skal hafa fullgild meistararéttindi samkvæmt iðnaðarlögum nr.42/1978 í þeirri iðngrein sem hann hyggst kenna þ.e.a.s gull- og silfursmíði.
2. Meistari skal vera fastráðinn og í fullu starfi hjá fyrirtæki sem fær nemaleyfi.
3. Með umsókninni þarf að fylgja afrit af meistarabréfi.
4. Vinnustaður sé með fullnægjandi aðstöðu til kennslu, ásamt vélum, tækjum, áhöldum og búnaði sem verkstæði í gull- og silfursmíði útheimtir sbr. gátlista.
5. Á hverjum vinnustað má mest vera einn nemi á móti hverjum iðnaðarmanni í 100% stöðu í greininni. Skipti tveir iðnaðarmenn eða fleiri með sér 100% stöðu þá veitir það einnig heimild til að taka nema að því gefnu að einhver þeirra sé ávallt til staðar þegar neminn er við störf.
6. Nemi má aldrei sinna verkefnum einn á vinnustað.
7. Fyrirtæki skal hafa með höndum nægilega fjölbætt verkefni á starfssviði sínu til að geta annast fullnægjandi kennslu samkvæmt námskrá í gull- og silfursmíði og ferilbók vinnustaðanáms.
 - Fyrirtæki sem hefur ekki tök á að sinna öllum lykilþáttum vinnustaðanáms í gull- og silfursmíði t.d. vegna sérhæfingar, o.s.frv., þurfa að leita eftir samstarfi við önnur fyrirtæki til þess að tryggja að neminn þjálfist í öllum lykilþáttum vinnustaðanámsins. Í slíkum tilvikum er gerður samningur á milli viðkomandi fyrirtækja og þeim

verkbáttum lýst sem samstarfsfyrirtækið þarf að þjálfa hjá viðkomandi nema. Slíkur samningur þarf að liggja fyrir við gerð námssamnings og telst hluti af honum. Meistari nemans ber ábyrgð á því að hann hljóti viðeigandi þjálfun í verkþáttum vinnustaðanáms.

8. Óheimilt er að taka nema á námssamning áður en nemaleyfi er gefið út.
9. Námssamning skal undirrita innan mánaðar eftir að nemi hefur störf.
10. Nemi skal fá greidd laun eftir gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.
11. Tími sem unninn er á verkstæði áður en nemaleyfi er gefið út telst ekki til vinnustaðanáms.

Nemaleyfisnefnd er heimilt að kalla eftir afriti af eftirtöldum gögnum þyki tilefni til:

1. Starfsleyfi fyrirtækisins/iðnmeistarans frá Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt lögum nr. 46/1980 13. kafla gr. 90-97 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
2. Starfsleyfi fyrirtækisins/iðnmeistarans frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins samkvæmt lögum nr.7/1980 4.gr um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Kröfur og skyldur fyrirtækis/ iðnmeistara eru eftirfarandi:

- 1) Forsvarsmaður, iðnmeistari fyrirtækis skulu:
 - a. Kynna sér verþætti vinnustaðanáms sem eru tilgreindir í umsóknareyðublaði um nemaleyfi og ferilbók vinnustaðanáms.
 - b. Skipuleggja verkefni nemans.
 - c. Meta framvindu nemans í námi.
 - d. Fara reglulega yfir með nema, þá verkþætti sem unnir hafa verið og merkt er við á eyðublöðunum „vinnustaðanáms- gátlisti“ í ferilbók.
 - e. Staðfesta að kennsla hafi farið fram í þeim verkþáttum sem merkt er við á eyðublöðunum „vinnustaðanáms- gátlisti“.
 - f. Útvega gull, silfur og annað hráefni sem nemi þarf til að geta lokið vinnustaðanámi.
 - g. Bera ábyrgð á þjálfun nemans.
- 2) Iðnmeistari í gull- og silfursmiði skal fyrir hönd fyrirtækis sjá til þess að neminn hafi að náms tíma loknum, uppfyllt hæfnikröfur gull- og silfursmiða.

Nemaleyfisnefnd í gull- og silfursmiði, 15. febrúar 2018.